

# SAMÞYKKT

## fyrir Veidifélag Laxár á Ásum.

1. Félagið heitir Veidifélag Laxár á Ásum. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni. Félagið starfar sem sjálfstæð deild Veidifélagsins Orra, sem er veidifélag um vatnasvæði Laxár á Ásum, Laxárvatns, Fremri-Laxár, Svínavatns, Svínadalsár og Sléttár.
2. Félagssvæðið er Laxár frá Húnaósi að Laxárvatni og nær félagið til allra jarða er land eiga að ánni eða njóta arðs samkvæmt arðskrá. Þessar jarðir eru: Skinnastaðir, Hjaltabakki, Húnsstaðir, Holt, Árholt, Laxholt, Hnjúkar, Sauðanes, Röðull, Laxabrekka, Mánafoos, Hurðarbak, Hurðarbak II og Hamrakot.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd og fiskirækt á félagssvæðinu og að gera laxveiði í Laxá sem arðbærasta. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja ána á leigu til stangveiða eða með því að skipta stangveiðidögum á milli veiðiréttareigenda í samræmi við arðskrá hverju sinni.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfundur félagsins skal haldinn í mars eða apríl ár hvert. Aðalfundur skal boða bréflaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Nú er ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá og skal þess getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt að hljóta samþykki 2/3 félagsmanna.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn skv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum nr. 7 9. febrúar 1937.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. mars 1994.*

**Halldór Blöndal.**

Jón Höskuldsson.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eyrarsveit.

Lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nr. 555 3. september 1982, skal gilda í Eyrarsveit með eftirfarandi breytingu:

Í stað 59. gr. komi eftirfarandi grein:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Lögreglusamþykkt þessi sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.

## AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Allar bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu frá Ráðhústorgi að gatnamótum við Hofsbót. Bann þetta gildir við báðar götubrúnir svo og svæði milli akbrauta (bíotorg). Strætisvagnar (SVA) eru þó undanskildir að því er varðar suðurbrún umrædds götukafla. Ákvæði auglýsingar þessar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 9. mars 1994.*

**Elías I. Elíasson.**